

Skipulgasstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. september 2019
UST201908-194/S.A.J.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Orkuverið í Svartsengi - Ný eining

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar 21. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

HS Orka fyrirhugar að reisa nýja vinnslu einingu, Orkuver 7 (OV7), við Svartsengisvirkjun. Samhliða er áætlað að taka úr rekstri eldri einingar Orkuver 3 og 4 (OV3 og OV4). Fram kemur að við þessa framkvæmd eykst uppsett rafafi Svartsengisvirkjun um rúm 9 MW, úr 74,4 MW_e í 84 MW_e.

Fram kemur að samhliða byggingu nýrra mannvirkja fyrir Orkuverð 7 verði mannvirki, er hluti eru af Orkuveri 3 og 4, rifin og samkvæmt greinargerð munu áhrif á ásýnd vera óveruleg. Rétt er þó að benda á að flatarmál þeirra bygginga er rifnar verða er um 1.600 m² en nýjar byggingar verða um 3.000 m². Einnig eru hæð þeirra bygginga er ráðgert er að fjarlægja á bilinu 5 til 10 metrar en nýju byggingarnar allar nema ein a.m.k. 10 á hæð og þar af stöðvarhúsið sem er stærst að grunnfleti 20 m hátt. Einnig kemur fram að ætlunin sé að reisa og gangsetja OV7 meðan orkuver 3 og 4 eru enn í rekstri og verða því allar byggingarnar tímabundið uppi.

Óskað eftir frekari gögnum

Umhverfisstofnun sendi svar við erindinu þann 2. september sl. og óskaði eftir frekari gögnum. Umbeðin gögn bárust þann 6. september sl. og hefur stofnunin farið yfir gögnin.

Í viðbótargögnunum kemur fram að við framkvæmdina eykst útblástur brennisteinsvetnis um u.þ.b. 4% á ári. Fram kemur að aukning á upptekt á jarðhitavökva verði mest um 130 kg/s sem samræmist nýtingaleyfi. Einnig kemur fram að ekki sé áformað aukning á varmaafli virkjunarinnar.


Stofnunin bendir á að þessar upplýsingar þurfa að fylgja með matskyldufyrirspurn fyrir stækkun jarðhitavirkjanna.

Niðurstaða

Eftir yfirferð upphaflegu matskyldufyrirspurnarinnar og umbeðinna viðbótargagna kemst Umhverfisstofnun að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sé og skuli því ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt


Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur


Rákel Kristjánsdóttir
sérfræðingur